

Tilm. 30/2018/välfärd D 2019

Fyrri skjalsnúmer A 1752/välfärd
Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

Aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum (Tilm. 30/2018)

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð skrái hjá sér svar við tilm. 30/2018 að því er varðar aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum og telur afgreiðslu þeirra *lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún styrki samstarf Norðurlandanna að því er varðar stafræna tækni í heilbrigðisþjónustu

að hún vinni áfram að eflingu norræns samstarfs á sviði mjög sérhæfðrar meðferðar og sjaldgæfra sjúkdóma/sjúkdómsgreininga

að hún vinni áfram að eflingu norræns lýðheilsusamstarfs og stuðli sérstaklega að því að tryggja jafnan rétt allra til heilbrigðisþjónustu

að hún taki til athugunar hvort koma megri á nánara samstarfi milli heilbrigðiskerfa Norðurlandanna á sviði meinafræði, æxlafræði, gigtarsjúkdóma, líffæraflutninga, brunasára, flogaveiki, endurhæfingar barna eftir slys, skurðaðgerða á kornabörnum, hjarta- og lungnaendurhæfingar barna, svo og sérfræðimiðstöðvar vegna öndunarvélameðferðar í heimahúsum

Svar frá Norrænu ráðherranefndinni

Norræna ráðherranefndin er sama sinnis og Norðurlandaráð varðandi aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum. Ráðherranefndin vinnur ötullega að góðu norrænu samstarfi í heilbrigðismálum. Til að fylgja eftir tillögunum í skýrslu Könbergs, „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“, hefur á undanförunum fimm árum einkum verið ráðist í aðgerðir til að hefja, endurvekja eða þróa áfram samstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum á nokkrum sviðum sem öll skipta máli fyrir tilmælin og skýrsluna frá Norrænu velferðarnefndinni. Í framhaldinu mun Norræna ráðherranefndin gera grein fyrir norrænu samstarfi á þeim sviðum sem Norðurlandaráð einkum leggur áherslu á í tilmælum sínum.



Bakgrunnur

Samstarf um stafrænar lausnir í heilbrigðisþjónustu, rafræna heilbrigðisþjónustu og velferðartækni

Norræna ráðherranefndin hefur átt samstarf um rafræna heilbrigðisþjónustu í sérstöku tengslaneti síðan árið 2010. Starfið hefur farið fram til tveggja ára í senn og Danmörk leiðir samstarfið á tímabilinu 2017–2019. Megináhersla tengslanetsins er á miðlun þekkingar og reynslu auk þess sem tengslanetið ræðir pólitísk markmið landanna sem geta styrkt stöðuna gagnvart verkefnum að frumkvæði ESB svo sem „Connecting Europe Facility þá eRecept“. Tengslanetið á einnig að þróa samstarf um vísa sem á að tengja við Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina (WHO) og ESB auk þess að efla samstarf um norræna staðla fyrir persónugreinanleg heilbrigðisgögn einkum í sambandi við frjálsa för yfir landamæri.

Annað svið sem áhersla hefur verið á undanfarin ár er stafræn tækniþróun og þróun velferðartæknilausna. Ein af tillögnum í skýrslu Könbergs var að mótuð yrði sameiginleg norræn skilgreining á og viðmið fyrir velferðartækni með það fyrir augum að samræma staðla fyrir velferðartæknivörur og að notendur yrðu hafðir með í ráðum í þróunarstarfinu. Ráðherranefndin ræddi þessa tillögu í mars 2018. Svíþjóð hefur síðan hrint af stað forgangsverkefni til þriggja ára með heitinu „lausnir í fjarlækningum og hjúkrun, þar á meðal rafrænir lyfseðlar“ þar sem þróun og nýting velferðartækni, einkum á jaðarsvæðum, er stór hluti verkefnisins og þar sem gert er ráð fyrir fjárveitingu sem nemi 12 milljónum danskra króna. Verkefnið mun byggja áfram á niðurstöðum verkefnis um velferðartækni sem lokið er, CONNECT, sem var undir forystu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Ráðherranefndin samþykkti einnig pólitíska forgangsröðun fyrir tímabilið 2019–2021: „Hvernig sköpum við meiri samfellu í hjúkrunar- og umönnunarferlum, sérstaklega fyrir eldri notendur og sjúklinga“. Eitt af þeim sviðum sem á að varpa ljósi á í verkefninu, sem hefja skal undir þessu þema, er möguleikar stafrænnar tækniþróunar í tengslum við umönnunarferla.

Einnig er mikilvægt að nefna verkefni norrænu forsætisráðherranna „Norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum“ sem fer fram á tímabilinu 2017–2019. Þar kemur við sögu flaggskipsverkefnið „Norrænar velferðarlausnir“ en tilgangur þess er að efla útflutning á norrænum vörum og sameiginlega alþjóðlega markaðssetningu á nýskapandi norrænum velferðartæknilausnum. Á vegum Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar hafa sjö slík verkefni hlotið styrk fyrir heildarupphæð sem nemur 25 milljónum norskra króna.

Þar að auki átti formennskuáætlun Noregs 2017 frumkvæði að forgangsverkefni til þriggja ára, „Nordisk forsknings-samarbeid for bedre helse 2017–2019“ (Norrænt rannsóknasamstarf um betra heilsufar 2017–2019). Meginmarkmið verkefnisins er að kanna mál, vinna tillögur og hugsanlega ráðast í nýjar aðgerðir í því skyni að efla, hagræða og halda áfram aðgerðum sem geta falið í sér einföldun og sparnað jafnframt því að auðvelda norrænum vísindamönnum að vinna saman að heilbrigðisgögnum og klínískum rannsóknum. Verkefnið er þrískipt: Viðurkenning



siðfræðilegs mats, norrænar lausnir til að gera heilbrigðisgögn aðgengilegri og frekari þróun norræns samstarfs um klínískar rannsóknir. Heildarfjárveiting verkefnisins nemur 7,3 milljónum danskra króna (2017–2019) og verkefnið stuðlar einnig að því að byggja upp norrænan þekkingargrunn og efla samstarf í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum. Í apríl 2018 voru 38 milljónir NOK í boði þegar auglýst var eftir umsóknum um styrki til klínískra rannsókna á krabbameini í börnum. Féð kemur úr forgangsverkefnasjóðnum, norska krabbameinsfélaginu og norska rannsóknaráðinu.

Svið heilbrigðis- og félagsmála hefur sem forgangsmál áframhaldandi þróun þegar hafinnar vinnu varðandi stafrænar lausnir, fjarlækningar og velferðartækni. Nýlegt dæmi um þetta er ráðgert verkefni til að kortleggja núverandi norræn stafræn tæki til að draga úr andlegri vanlíðan barna og ungmenna.

Mjög sérhæfð meðferð og sjaldgæfir sjúkdómar

Til að fylgja eftir tillögnum í skýrslu Könbergs kom ráðherranefndin á fót norrænni nefnd fyrir mjög sérhæfða meðferð og norrænu tengslaneti um sjaldgæfa sjúkdóma, en báðum var komið á fót árið 2016. Bæði nefndin og vinna tengslanetsins hafa fengið endurnýjað umboð sem nú nær til 31. desember 2019. Meginmarkmiðið með hópunum tveimur er að styðja og festa enn frekar í sessi norrænt samstarf á þessum sviðum. Meginverkefni nefndarinnar um mjög sérhæfða meðferð hefur á þessu tímabili verið gerð kortlagningar sem meðal annars á að nota sem grundvöll umræðna nefndarinnar um hvar norrænt samstarf um mjög sérhæfða meðferð skilar virðisauka (norska heilbrigðismálastofnunin gegnir formennsku í nefndinni árin 2018–2019). Við lok umboðs nefndarinnar árið 2019 á nefndin að móta tillögur um norrænt samstarf um mjög sérhæfða meðferð eftir árið 2019.

Tengslanetið um sjaldgæfa sjúkdóma á einnig að móta tillögur um norrænt samstarf á sviðinu eftir árið 2019 (tengslanetið skipa fulltrúar stjórnvalda á sviði félags- og heilbrigðismála, frá þekkingarmiðstöðvum um sjaldgæfa sjúkdóma og fulltrúar samtaka sjúklinga, sem og núverandi norræna tengslanetið „Rarelink“).

Lýðheilsumál

Samstarf um lýðheilsumál fékk einnig aukið vægi eftir skýrslu Könbergs með stofnun norræna lýðheilsuvettvangsins og það er þróað jafnt og þétt. Átta verkefnum hefur verið ýtt úr vör þegar þetta er ritað með áherslu á heilsuójöfnuð, geðheilbrigði og áfengi, fíkniefni og tóbak. Nokkur dæmi um bein verkefni sem eru hafin í kjölfar þessara aðgerða eru verkefni „Norræn tóbaksstefna 2.0“, „Breyttar drykkjuvenjur ungra og aldraðra á Norðurlöndum“, „Kannabis, meðferð og stefna á Norðurlöndum“, „Geðheilsa skólanema á Norðurlöndum“ og „Jöfnuður í heilsufari – forsendur í löndunum“ sem samanstendur af fimm hlutaverkefnum og á meðal annars að framkvæma samanburðarrannsókn á því hvernig Norðurlöndin vinna að því að draga úr ójöfnuði í heilsufari í löndunum. Á heildina er starf lýðheilsuvettvangsins mikilvægt átak til að draga úr ójöfnuði í heilsufari á Norðurlöndum og stuðlar að aukinni þekkingu um sameiginlegar áskoranir og tæki og aðgerðir sem skila árangri.

Norrænt samstarf í heilbrigðisþjónustu um sérstaka sjúkdóma og kvilla

Samstarf í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum þróast á mörgum sviðum. Hér á eftir koma nokkur dæmi sem sýna að stöðugt þróunarstarf er í gangi í heilbrigðismálum á



Norðurlöndum, bæði að því er varðar ákveðna þjónustu og þegar kemur að uppbyggingu þekkingar til lengri tíma litið um bestu starfsvenjur í heilbrigðisþjónustu og meðferðir á Norðurlöndum sem þar með geta verið til gagns bæði fyrir heilbrigðisyfirvöld og notendur á Norðurlöndunum.

Ákveðnir sjúkdómar og meiðsl eru það óvanaleg á Norðurlöndum að skynsamlegt er að þróa og notfæra sér þekkingu og þjónustu í fremstu röð á fáum stöðum, einnig að því er varðar kostnað. Þetta er ástæðan fyrir stofnun meðal annars nefndarinnar um mjög sérhæfða meðferð og tengslanetsins um sjaldgæfa sjúkdóma. Skýrt dæmi um norrænt samstarf er stofnun norrænnar gæðaskrár vegna mænuskaða, „NordicSCIR“ á St. Olavs spítalanum í Noregi.

Hér má einnig bæta við að á vegum norræna heilbrigðisviðbúnaðarhópsins (Svalbarðahópsins) hefur verið þróað norrænt tæki til að taka á brunameiðslum eftir hópslys til þess að nýta sem best samanlagða getu á Norðurlöndunum ef upp kemur alvarlegt brunaslys á Norðurlöndum. Brunadeildin á Haukeland sjúkrahúsinu í Björgvin hefur á tæplega 30 árum skipað sér í fremstu röð á sínu fagsviði og er í dag reiðubúin til að taka á móti fólki með brunameiðsl frá öllum Norðurlöndunum ef stórslys verða.

Á sviði æxlafræði hefur Svíþjóð nýverið átt frumkvæði að sameiginlegu norrænu tengslaneti um þvervísindalegar rannsóknir á innleiðingu staðlaðra pakkameðferða í krabbameinsmeðferð. Tengslanetið á að hvetja til rannsókna á þessu sviði, tryggja miðlun reynslu og þekkingar og skapa norrænan vettvang fyrir samstarf fræðimanna. Í tengslanetinu taka þegar þátt Danmörk, Noregur og Svíþjóð, en til lengri tíma litið er vonin að öll Norðurlöndin taki þátt. Meginmarkmiðið með verkefninu er að bæta pakkameðferðirnar og krabbameinsmeðferðina á Norðurlöndum á sem bestan hátt.

Að því er varðar líffæraflutninga fer fram samstarf innan samtakanna Scandiatransplant, sem eru samtök um líffæraskipti fyrir Norðurlöndin (og Eistland sem bættist í hópinn 2017). Scandiatransplant er í eigu sjúkrahúsa sem sjá um líffæraflutninga á Norðurlöndunum og er með sameiginlegan gagnagrunn með öllum norrænum sjúklingum sem bíða líffæraflutninga. Scandiatransplant starfar einnig sem fundavettvangur og tengslanet fyrir miðlun upplýsinga og umræðna við yfirvöld heilbrigðismála um viðeigandi málefni eins og til dæmis löggjöf ESB á sviði líffæraflutninga. Þó svo að þetta samstarf sé ekki á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, var stofnun Scandiatransplant styrkt af Norrænu ráðherranefndinni.

Afgreiðsla tilmælanna í Norrænu ráðherranefndinni

Norræna ráðherranefndin sér að umfangsmikið samstarf er í heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum og að það er í stöðugri þróun. Mikilvægt átak er samstarf í heilbrigðisþjónustu um stafræna tækniþróun sem styður almennar aðgerðir á sviði stafrænnar tækniþróunar, sem er mikið pólitískt forgangsmál í norrænu samstarfi. Aðgerðir á sviði mjög sérhæfðrar meðferðar og sjaldgæfra sjúkdóma eru þegar hafnar og verða þróaðar áfram, um leið og víðtækt samstarf á sviði lýðheilsamála fer fram og styður miðlun reynslu og þekkingar á Norðurlöndum.



Ráðherranefndin styður tillöguna um að auka samstarf í heilbrigðismálum á Norðurlöndum um ólíka sjúkdóma og sjúkdómsgreiningu til gagns fyrir bæði notendur og yfirvöld heilbrigðismála á Norðurlöndum. Ráðherranefndin minnir um leið á verkefni sem eru í gangi þar sem unnið er á virkan hátt að auknu samstarfi í heilbrigðismálum. Ákvarðanir ráðherranefndarinnar um pólitísk forgangsverkefni, eins og áður er getið, eru góð dæmi um þetta.

Norræna ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum

Álit nefndarinnar

Nefndin tekur vel í að Norræna ráðherranefndin vinni jafnt og þétt að framkvæmd tillagnanna í skýrslu Bo Könbergs „Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum“.

Einkum er horft til áherslna á sviði samstarfs um stafræna tækni í heilbrigðisþjónustu, rafrænnar heilbrigðisþjónustu og velferðartækni. Nefndin fylgist með verkefningu „Lausnir í fjarheilbrigðisþjónustu og rafrænir lyfseðlar“ og fékk verkefnisstjórnann í heimsókn á septemberfundinum 2019. Nefndin veitir einnig eftirtekt verkefni forsætisráðherranna „Norrænar lausnir á hnattrænum viðfangsefnum“, norræna rannsóknarsamstarfinu.

Nefndin tekur vel í að ráðherranefndin hafi komið á fót norrænni nefnd um mjög sérhæfða meðferð og norrænu tengslaneti um sjaldgæfa sjúkdóma. Það er vel að markmið nefndarinnar og tengslanetsins er að vinnan skuli halda áfram eftir árið 2019.

Nefndin hefur ítrekað vakið máls á beinum dæmum um norrænt samstarf að því er varðar St. Olavs sjúkrahúsið í Noregi, sem sérhæfir sig í mænuskaða og Haukeland sjúkrahúsið í Björgvin, sem sérhæfir sig í brunasárum.

Nefndin sér að norrænt samstarf í heilbrigðismálum heldur áfram að þróast og **telur því afgreiðslu tilmælanna lokið.**

Kaupmannahöfn, 28. janúar 2020

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (grænum)

Høgni Hoydal (T)

Kaisa Juuso (saf)

Kasper Roug (S)

Kim Berg (S)

Liselott Blixt (DF)

Maria Stockhaus (M)

Nils Sjøberg (RV)

Nina Sandberg (A)

Per-Arne Håkansson (S)

Solveig Horne (FrP)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)